



Ársskýrsla ÁTVR 2005



Efnisyfirlit:

5	Frá forstjóra
6	Heildarstefna ÁTVR
9	Starfsemi ÁTVR
17	Skýrsla og áritun forstjóra
18	Áritun endurskoðenda
19	Rekstrarreikningur
20	Efnahagsreikningur
22	Sjóðstreymi
23	Skýringar
29	Sundurliðanir
45	Umhverfisskýrsla ÁTVR





Frá forstjóra

Rekstur ÁTVR var að mestu með hefðbundnum hætti árið 2005. Sala á áfengi jókst svipað og frá árinu áður og lítilsháttar samdráttur varð í tóbakssölu. Tvær nýjar vínbúðir voru opnaðar, í Hveragerði og á Reyðarfirði. Með þessum vínbúðum bætir ÁTVR enn þjónustu sína við íbúa landsbyggðarinnar.

Velgengni einkenndi reksturinn á árinu og er afkoman fyrir árið 2005 sú besta frá því skattar voru aðskildir frá tekjum ÁTVR. Viðskiptavinir ÁTVR eru einnig ánægðir því samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni er ÁTVR hástökkvarinn og með mestu ánægju viðskiptavina í sínum flokki.

ÁTVR starfar eftir skipulagðri aðferðafræði. Heildarstefna ÁTVR er samsett af leiðarljósi, stefnu og stefnumiðum. Stefnumiðin eru útfærð með aðgerðaáætlun. Mælikvarðar eru settir og markmið skilgreind. Enginn vafi er á að þessi aðferð hefur skilað ÁTVR miklum árangri við að bæta reksturinn. Áfram verður haldið á sömu braut.

Kaflaskil urðu í rekstri ÁTVR þann 1. sept. Höskuldur Jónsson hætti að eigin ósk eftir tæplega tuttugu ára starf sem forstjóri ÁTVR og var undirritaður ráðinn í hans stað.

Höskuldur kom til starfa hjá ÁTVR þann 1. apríl 1986. Á starfstíma Höskuldar hefur margt breyst í rekstri ÁTVR. Höskuldur lagði mikla áherslu á uppbyggingu í tölvu- og tæknimálum ásamt því að innleiða nútíma stjórnunarhætti. Vöruúrval var aukið og fyrsta sjálfsafgreiðsluverslunin opnuð. Smáværslanir með áfengi á landsbyggðinni voru opnaðar í samstarfi við annan rekstur, sú fyrsta í Ólafsvík árið 1987.

Höskuldur hefur ekki alveg sagt skilið við ÁTVR því hann hefur fallist á að aðstoða við ritun sögu verslunarinnar. Áformað er að sagan komi út á árinu 2007.

Ég vil fyrir hönd ÁTVR þakka Höskuldi fyrir einstök störf í þágu verslunarinnar og samstarfið á liðnum árum og óska honum og fjölskyldunni velfarnaðar.

Ný reglugerð

Þann 26. september 2005 var sett ný reglugerð um ÁTVR. Helstu breytingarnar felast í því að verkaskipting stjórnar og forstjóra er skýrð. Stjórn markar nú meg-

instefnu ÁTVR og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og gerir starfs- og rekstraráætlun að höfðu samráði við stjórn og á grundvelli þeirrar meginstefnu sem stjórnin hefur markað. Forstjóri ber nú einnig ábyrgð á gerð ársreiknings og árskýrslu fyrir hvert ár og kynnir hana fyrir stjórninni.

Góð samvinna hefur tekist á milli stjórnar og forstjóra og er mikill vilji hjá aðilum að þróa ÁTVR áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á undanförunum árum.

Áherslumál nýs forstjóra

Oft er það svo að nýir siðir fylgja nýjum mönnum. Nú er ég ekki alveg nýr hjá ÁTVR því ég hef verið starfsmaður ÁTVR í tæp átján ár og aðstoðarforstjóri frá árinu 2000. Ég hef því verið þátttakandi í breytingaferlinu sem verslunin hefur gengið í gegnum á síðustu árum og tekið þátt í að móta stefnuna og útfæra hana með stjórn ÁTVR og forstjóra. Ég hef verið mjög ánægður með þróunina hjá ÁTVR á síðustu árum og mun sem nýr forstjóri vinna áfram að þróun ÁTVR í samvinnu við stjórn og stjórnvöld.

Viðskiptavinurinn er í öndvegi og áfram verður lögð áhersla á að veita úrvals þjónustu. Ég hef sérstakan áhuga á að bæta vöruúrvalið og að verslunin bjóði ávallt viðskiptavininum sínum úrval vandaðra vína. Einnig vil ég gera samfélagslega ábyrgð ÁTVR sýnilegri.

Litið til framtíðar

Mikilvægt er að þróa ÁTVR áfram í takt við þann tíðaranda sem ríkir í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Miðað við þær viðurkenningar sem ÁTVR hefur fengið á liðnum árum, og niðurstöður kannana meðal viðskiptavina, er ljóst að ÁTVR er á réttari braut. Viðskiptavinirnir eru ánægðir og það skiptir öllu.

ÁTVR mun halda áfram að þjónusta viðskiptavinum sínum og uppfylla óskir þeirra um leið og fyrirtækið framfylgir áfengisstefnu stjórnvalda sem byggist á því að minnka þann skaða sem misnotkun áfengis veldur í þjóðfélaginu.

Hjá ÁTVR starfar frábært starfsfólk. Það hefur tekið mér afskaplega vel og ég hlakka til að starfa áfram við hlið þess sem forstjóri. Að lokum og vil ég þakka stjórn ÁTVR og samstarfsfólki samstarfið á árinu.

Ívar J. Arndal

Heildarstefna ÁTVR

Leiðarljós

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja.

Stefna

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vínmenningu og draga úr neyslu tóbaks.

Stefnumið

Við gerum viðskiptavinum okkar ánægðari

Við byggjum upp þjónustu okkar með þarfir hinna ólíku viðskiptavina í huga. Þjónusta vínbúðanna grundvallast á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína, m.a. með námskeiðum og kynningum. Við viljum að viðskiptavinum okkar þyki gaman að versla í vínbúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun.

Við tryggjum fjölbreytt og áhugavert vöruúrval

Við leggjum metnað í að vöruúrval okkar sé framsækið, í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma, og nái til helstu vínræktarsvæða heimsins.

Við erum samfélagslega ábyrg

Við virðum að fullu reglur við sölu á áfengi og tóbaki. Við stuðlum að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju. Við störfum með þeim aðilum sem vinna að forvörnum.

Við rekum ÁTVR á hagkvæman hátt

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi þegar við lögum okkur að þörfum markaðarins. Þannig aukum við virði fyrirtækisins um leið og við stöndum skil á greiðslum í ríkissjóð.

Við gerum starfsmenn okkar ánægðari

Við búum þeim skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í þeim býr og laðar til okkar hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Við eflum samstarf við birgja


Við eflum tengsl við birgja og vinnum með þeim að framsetningu í vínbúðum, kynningum og fræðslu til viðskiptavina og starfsmanna. Samskipti við birgja byggja á gagnsæi, gagnkvæmu trausti og hlutleysi.

Við tryggjum öflugt gæðastarf

Við eflum vitund starfsmanna okkar og birgja um framúrskarandi þjónustu og vörumeðferð.







Starfsemi ÁTVR

Rekstur

Það er stefna ÁTVR að leita sífellt leiða til að mæta þörfum viðskiptavina án þess að missa sjónar á því markmiði að reka fyrirtækið á hagkvæman og ábyrgan hátt.


Hagnaður ÁTVR var 541 m.kr. í samanburði við 516 m.kr. árið 2004. Rekstrartekjur ársins voru 16.641 m.kr. Tekjur af sölu áfengis voru 10.554 m.kr. og jukust um 8,7% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um 7% á milli árunna 2004 og 2005.

Rekstrargjöld námu 16.185 m.kr., þar af var vörunotkun 14.597 m.kr. Rekstrarkostnaður án vörunotkunar er 9,5% af veltu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITA) var 552 m.kr. eða 3,3% miðað við 3,4% á fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu var 23,6% miðað við 21,3% árið 2004.

Alls voru seldir 17.245 m.ltr. af áfengi. Þar af 13.340 m.ltr. af bjór.

Í árslok rak ÁTVR 46 vínþúðir, þar af 12 á höfuðborgar-svæðinu. Tvær nýjar vínþúðir voru opnaðar, í Hveragerði og á Reyðarfirði. Á landsbyggðinni eru 26 vínþúðir reknar í samstarfi við aðra rekstraraðila.

Sala áfengis í lítrum



Markmið og niðurstöður úr samhæfðu árangursmati

Flokkur	Áhersla í stefnukorti	Mælikvarðar	Markmið	Árangur
Fjármál	Auka hagkvæmni	Launakostnaður/tekjum	5,40%	5,39%
		Rekstrarkostnaður/tekjum	4,00%	3,78%
Samfélagið	Stuðla að ábyrgri áfengisneyslu Forvarnir og fræðsla	Sala sterks víns/heildarsölu (lítrar)	4,00%	3,82%
		Framlag í forvarnar- og fræðsluverkefni/tekjum	0,10%	0,09%
Viðskiptavinir	Ánægðir viðskiptavinir	Íslenska ánægjuvogin	68	69
	Ímynd	Íslenska ánægjuvogin	6,5	6,7
	Góð þjónusta	Þjónustu- og þrifamælingar vínbúða	95	96
Innri ferlar	Skilvirkir ferlar og gæðakerfi	Veltuhraði áfengis	16	16,6
		Þjónustukönnun - hæfilegur afgreiðslutími	80	79
Lærdómur og vöxtur	Hæft og ánægt starfsfólk Mannauður	Vinnustaðagreining - heildaránægja	74	72
		Hlutfall starfsfólks sem lokið hefur grunnnámskeiði vinskólans	65%	68%
		Vinnustaðagreining - nægjanlegar upplýsingar um stefnu, rekstur og afkomu	65	63
	Upplýsingamiðlun			

Markmið og árangur

Mælanleg markmið eru sett til að fylgjast með mikilvægum þáttum rekstrar fyrirtækisins. Til að auðvelda greiningu hefur samhæft árangursmat verið notað.

Mælikvörðum er skipt í flokka í samræmi við stefnu ÁTVR. Flokkarnir eru *fjármál*, *samfélagið*, *viðskiptavinir*, *innri ferlar*, *lærdómur og vöxtur*. Árlega fer fram endurmat á markmiðum og mælikvörðum í samræmi við stefnu og aðgerðir ársins.

Öllum vínbúðum eru sett markmið um þjónustustig, veltuhraða, rýrnun og kostnað. Þeim vínbúðum sem standa sig best er umbunað.

Samfélagsleg ábyrgð

„Áfengi fylgir ábyrgð“

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis og jákvæðri vínmenningu. ÁTVR vakti á árinu athygli á ábyrgðinni sem fylgir neyslu áfengis með herferðinni „Áfengi fylgir ábyrgð“. Þar var meðal annars bent á að ábyrgir gestgjafar eigi að gera þá kröfu til gesta sinna að þeir aki ekki heim undir áhrifum áfengis.

Í samstarfi við Umferðarstofu var vakin athygli á því að akstur og áfengi fari ekki saman í auglýsingum sem báru yfirskriftina „Aktu aldrei undir áhrifum“.

Markmiðið með þessum auglýsingum er fyrst og fremst að skapa umræðu um málefnið og vekja fólk til umhugsunar um hlutverk sitt og ábyrgð sem gestgjafa og ökumanna.

ÁTVR hefur í nokkur ár hugað sérstaklega að áhrifum starfsemi fyrirtækisins á umhverfi sitt og er gerð grein fyrir þeim í umhverfisskýrslu sem er í fyrsta skipti hluti af ársskýrslunni.

Stærsti hluti af andvirði þeirra plastpoka sem seldir eru í vínbúðum rennur í Pokasjóð. Pokasjóður styrkir margvísleg verkefni á sviði umhverfis- og mannúðarmála. Fyrir tilstilli ÁTVR veitti Pokasjóður sérstakt framlag til tveggja verkefna. Annað verkefnið var gerð nýs stiga upp úr Tófugjá í Ásbyrgi. Þessi framkvæmd bætir aðstöðu allra náttúruunnenda á vinsælli gönguleið milli Vesturdals og Ásbyrgis. Hitt verkefnið var til uppbyggingar á nýrri og stórbættari snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn við Dettifoss.

Starfsfólk

Ánægt og hæft starfsfólk er lykilatriði og grundvöllur að velgengni þjónustufyrirtækis. ÁTVR vill búa starfsfólki sínu skapandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laðar að hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Ný þjónustustefna var mótuð á árinu út frá tillögum umbótahóps starfsfólks. Stefnan verður innleidd á árinu 2006.

Allir starfsmenn ÁTVR fara á námskeið í vínfræðum og þjónustu. Vinskóli vínbúða hefur verið starfræktur frá



árinu 2003 og er markmiðið að auka vörubekkingu starfsfólks og efla þannig þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Vínskólanum er skipt í þrjú stig: grunn-, framhalds- og sérfræðingánámskeið. Alls er kennt í um 40 klst. á hverju stigi sem lýkur með prófi. Krafa er gerð um ákveðna lágmarkseinkunn til að fá að halda áfram upp á næsta stig. Markmiðið er að þeir sem ljúka öllum námskeiðunum eigi möguleika á að starfa sem vínráðgjafar í vínbúðum. Aukin áhersla er á að vínsérfræðingar séu til ráðgjafar í vínbúðum og eru nú starfandi þrír vínsérfræðingar sem eru til þjónustu reiðubúnir í vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnustaðagreining hefur verið notuð undanfarin ár til að meta starfsánægju og fá fram álit starfsfólks á starfsemi og stjórnun fyrirtækisins. Niðurstöður ársins eru almennt mjög góðar og bestu einkunirnar lúta að starfsanda og samskiptum.


Unnið hefur verið sérstaklega í þeim þáttum sem betur hafa mátt fara. Þar má nefna miðlun upplýsinga innan fyrirtækisins.

Á árinu var nýr innri vefur ÁTVR, „Ásgarður“, opnaður. Með öflugum innri vef öðlast starfsfólk betri og markvissari upplýsingar um alla þætti starfseminnar. Yfir 200 fréttir birtust á innri vefnum á fyrsta starfsári.

Alls fengu 586 starfsmenn greidd laun á árinu. Fastráðnir starfsmenn voru um 200. Umreiknað í ársverk voru þau 281 í samanburði við 283 árið áður.

Afköst starfsfólks hafa aukist verulega ef miðað er við selda áfengislítra. Árið 2005 afkastaði hvert stöðugildi um 61 þús. lítrum af áfengi á móti 56 þús. lítrum árið áður.

Afköst starfsfólks




Ánægðustu viðskiptavinirnir

Viðskiptavinir vínbúðanna eru þeir ánægðustu í flokki viðskiptavina smásölufyrirtækja, samkvæmt mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar árið 2005. Niðurstaðan er sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að árið 2003, þegar ÁTVR tók fyrst þátt í könnuninni, var fyrirtækið í neðsta sæti. Telja stjórnendur þessa niðurstöðu afrakstur markvissrar stefnumótunar og aðgerða undanfarinn ára.

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2005

í flokki smásölufyrirtækja



Stefna ÁTVR er að byggja upp þjónustu vínbúðanna með ólíkar þarfir viðskiptavinarins í huga. Í því skyni hafa væntingar viðskiptavina til þjónustu vínbúða verið kannaðar ítarlega undanfarin ár.

Samkvæmt þeim könnunum eru afgreiðslutímar, staðsetning, vöruúrval og þjónusta þeir þættir sem skipta viðskiptavininn mestu máli.

Heimsókn í vínbúð á að vera ánægjuleg og fræðandi upplifun. Margt var gert á árinu til að ná þessu markmiði. Þemadagar með áherslu á fræðslu og aukið vöruval voru haldnir í öllum vínbúðum. Aðgengi og útlit vínbúða var endurskoðað, tvær nýjar vínbúðir voru opnaðar og þrjár vínbúðir voru fluttar í nýtt húsnæði. Vöruvali vínbúða var breytt og vægi léttvína aukið.

Þemadagar


Alls voru fimm þemu á árinu: Spænskir dagar undir yfirskriftinni „Olé!“, ástralskir dagar undir yfirskriftinni „Cheers mate!“, sumarvínin voru síðan kynnt í júlí og ágúst, bjórdagar fylgdu á eftir í október og árið endaði síðan með þemanu „Hátíðarvín“.



Árið 2005 er annað árið í röð sem þemadagar eru haldnir í vínbúðunum í samvinnu við birgja. Markmiðið með dögnum er að auka ánægju viðskiptavina með því að bjóða upp á fræðslu um vínin sem eru á kynningunni. Sérstök áhersla er lögð á tengingu matar og vínanna á sumarpemadögum og í kringum hátíðarnar í desember.

Afgreiðslutímar

Afgreiðslutímar vínbúða skipta viðskiptavininn miklu máli. Um 60% allra viðskipta eiga sér stað á föstudögum og laugardögum. Um 30% allra viðskipta eiga sér stað á milli kl. 15 og 19 á föstudögum. Reynt er að haga mönnun og afgreiðsluferfum þannig að hægt sé að mæta þessum sveiflum og afkastagetan sé næg.



Á árinu var gerð greining á afgreiðslutímum vínbúðanna á höfuðborgarsvæðinu og væntingar viðskiptavina kannaðar. Á árinu 2006 mun afgreiðslutími vínbúða á höfuðborgarsvæðinu breytast til að mæta betur þeim óskum sem fram komu í greiningunni.

Útgáfur

Vínblaðið kom út fjórum sinnum á árinu. Megináhersla er lögð á fræðandi umfjöllun um vín og vínlandafræði í blaðinu. Greinar sem tengja saman vín og mat, ásamt fræðandi umfjöllun um vín og vínlandafræði, voru skrifaðar af vinsérfræðingum vínbúðanna. Auk Vínblaðsins komu út á öllum þemadögum bæklingar með fróðleik um þau vín og lönd sem verið var að kynna hverju sinni. Þemadagabæklingarnir hafa mælst vel fyrir hjá viðskiptavinunum og eru orðnir órjúfanlegur hluti af þemadögum vínbúðanna. Á árinu kom einnig út sérstakur bæklingur um kokteila og blöndur. Til að undirstrika þá ábyrgð sem meðferð áfengis felur í sér voru að sjálfsögðu óáfengar blöndur með í bæklingnum.

Vinsýningin 2005

Í samvinnu við Vínþjónasamtökin var haldin vegleg vinsýning í nóvember. Þátttakendur voru um 30 talsins, þar á meðal allir helstu birgjar ÁTVR.

Sýningin var að þessu sinni haldin í Vetrargarðinum í Smáralind og áhersla lögð á að kynna vín með hátíðarmatnum. Til að undirstrika samspil víns og matar voru einnig kynntir ostar, súkkulaði og fleira til að bragða á með vínunum. Boðið var upp á ýmsar uppákomur eins og fyrirlestra, vínklúbbaþeppni og þrautir fyrir gesti. Sýningin var öll hin glæsilegasta og tvöfaldaðist gestafjöldinn frá fyrra ári.

Vöruúrval og samstarf við birgja

Í vínbúðum ÁTVR er mikil áhersla lögð á gott og fjölbreytt úrval vína. Við ákvörðun vöruúrvals er horft til óska viðskiptavina og vinsælda einstakra áfengistegunda á hverjum stað. Einnig er kapp lagt á að vöruúrval endurspegli stöðu og þróun á vínmarkaðum almennt. Vöruúrval í vínbúðum er með því besta sem gerist og stenst flestum vínbúðum erlendis snúning. Hjá ÁTVR starfa fjórir vinsérfræðingar sem fylgjast grannt með þróun og helstu atburðum í vínheiminum og tryggja að vöruval vínbúða gefi góða mynd af framboði helstu framleiðenda og héraða í heiminum.

Á árinu voru innkaupareglur áfengis þróaðar í átt að betra úrvali og jafnara framboði í vínbúðum. Þróun þessi var unnin í góðu samstarfi við birgja og mun væntanlega skila sér í enn betra vöruúrvali.

Eitt helsta verkefni ÁTVR á næstu misserum er að mæta auknum kröfum um úrval gæðavína og að tryggja fjölbreytni í vöruúrvali vínbúða.

Samskipti ÁTVR og birgja voru almennt mjög góð. Aukin áhersla var lögð á samvinnu við birgja með reglulegum fundum og bættri upplýsingagjöf.





Skýrsla og áritun forstjóra

Afkoma ÁTVR á árinu 2005 var betri en áætlað var. Vörusala var 7,4% meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vörunotkun var 7,4% umfram áætlun. Hagnaður ársins nam tæplega 541 m.kr.

ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 3.772 m.kr. á árinu 2005 og hækkaði um 187 m.kr. frá árinu 2004. Tóbaks-sala dróst saman í magni um tæpt 1%.

Þann 26. september 2005 var sett ný reglugerð um ÁTVR. Í reglugerðinni er verkaskipting forstjóra og stjórnar skýrð. Stjórn markar nú meginstefnu ÁTVR og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Forstjóri gerir starfsáætlun og rekstraráætlun að höfðu samráði við stjórn ÁTVR og á grundvelli þeirrar meginstefnu sem stjórnin hefur markað. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársreiknings og ársskýrslu fyrir hvert ár og kynnir hana fyrir stjórn.

Áfengi var selt fyrir 13.140 m.kr. með virðisaukaskatti og sala tóbaks nam 7.524 m.kr. með virðisaukaskatti. Áfengi seldist í 17.244.918 lítrum, þar af var bjórsala 13.339.886 lítrar. Sala vindlinga nam 309.228 þúsund stykkjum og af vindlum seldust 11.248 þúsund stykki. Magn neftóbaks var 13.862 kg.

Á árinu fengu 586 menn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Lætur nærri að ársverk hafi verið 281 og hefur þeim fækkað um tvo frá árinu 2004.

Vínbúð var opnuð í Breiðumörk 1, Hveragerði í febrúar og í Hafnargötu 2, Reyðarfirði í júní. Vínbúðin í Mosfellsbæ flutti að Þverholti 2 í september og Vínbúðin á Hvammstanga að Strandgötu 1. Endurbætur voru gerðar í Vínbúðinni á Akranesi. Allar ofangreindar verslanir voru færðar í þá liti og prýddar þeim innréttingum sem nú setja svip sinn á flestar vínbúðir ÁTVR.

Rekstrarformi vínbúðarinnar á Dalvegi í Kópavogi var breytt í lok maí. Ekki er lengur um samstarfsverslun að ræða heldur verður verslunin rekin áfram með sama sniði og aðrar vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 1. september 2005 urðu forstjóraskipti hjá ÁTVR. Höskuldur Jónsson hætti eftir tæplega tuttugu ára starf sem forstjóri ÁTVR og Ívar J. Arndal var ráðinn í hans stað.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2006



Ívar J. Arndal,
forstjóri.

Áritun endurskoðenda

Til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 27. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum fyrirtækisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. mars 2006



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Kristjana Ólöf Sigurðardóttir,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrartekjur			
Sala áfengis		10.554.437	9.714.572
Sala tóbaks		6.043.937	5.649.558
Aðrar rekstrartekjur	10	42.615	37.819
		<u>16.640.989</u>	<u>15.401.949</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun	11, 12	14.597.247	13.466.795
Laun og launatengd gjöld	13-17	870.338	812.501
Húsnæðiskostnaður		237.475	229.405
Markaðs- og dreifingakostnaður		135.970	128.161
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður		108.951	110.367
Annar rekstrarkostnaður		139.470	125.277
Afskriftir	19	95.789	85.214
		<u>16.185.240</u>	<u>14.957.720</u>
Rekstrarhagnaður		455.749	444.229
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	18	<u>84.802</u>	<u>71.917</u>
Hagnaður ársins		<u>540.551</u>	<u>516.146</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýr.	2005	2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir		621.395	705.060
Innréttingar og annar búnaður		204.080	222.773
Bífreiðar		35.746	45.915
	3, 19, 20	<u>861.221</u>	<u>973.748</u>
Áhættufjármunir			
Eignarhlutar í öðrum félögum	4, 21, 22	10.615	10.615
Verðbréf.....	5	4.207	0
		<u>14.822</u>	<u>10.615</u>
Fastafjármunir		<u>876.043</u>	<u>984.363</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	6, 23	<u>952.071</u>	<u>930.844</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	7	767.350	676.898
Aðrar skammtímakröfur		3.140	0
		<u>770.490</u>	<u>676.898</u>
Handbært fé			
Sjóður og bankainnstæður	8	<u>567.852</u>	<u>668.043</u>
Veltufjármunir		<u>2.290.413</u>	<u>2.275.785</u>
Eignir alls		<u>3.166.456</u>	<u>3.260.148</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2004
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	24	2.164.782	2.294.231
Eigið fé		<u>2.164.782</u>	<u>2.294.231</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Lánardrotnar, innlendir.....		749.222	688.759
Lánardrotnar, erlendir.....		57	7.277
Aðrar skammtímaskuldir.....		59.909	67.018
Virðisaukaskattur.....		192.486	202.863
Skuldir		<u>1.001.674</u>	<u>965.917</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>3.166.456</u>	<u>3.260.148</u>
Skuldbindingar.....	25		

Sjóðstreymi árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		540.551	516.146
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir	19	95.789	85.214
Verðbætur langtímalána		(207)	0
Sölutap af fastafjármunum		27.261	3.195
Veltufé frá rekstri		<u>663.394</u>	<u>604.555</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir (hækkun)		(21.227)	(38.823)
Skammtímakröfur (hækkun)		(93.592)	(46.722)
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		35.757	(17.874)
		<u>(79.062)</u>	<u>(103.419)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>584.332</u>	<u>501.136</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	19	(41.172)	(64.879)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	19	30.649	4.927
Seldir (keyptir) eignarhlutir í öðrum félögum	21.22	0	152
Keypt langtímaverðbréf		<u>(4.000)</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(14.523)</u>	<u>(59.800)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til ríkissjóðs	24	<u>(670.000)</u>	<u>(649.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(670.000)</u>	<u>(649.000)</u>
(Lækkun) á handbæru fé		(100.191)	(207.664)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>668.043</u>	<u>875.707</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>567.852</u></u>	<u><u>668.043</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt óverðleiðréttri kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum. Að öðru leyti er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og notaðar voru árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

2. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2006. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 en fjárfestingar frá og með árinu 2002 færðar á kaup- eða kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

Eignarhlutar í öðrum félögum

4. Eignarhlutar í félögum eru færðir á upphaflegu kaupverði.

Langtímakröfur

5. Langtímakröfur samanstanda af verðbréfum. Eftirstöðvar langtímakrafna eru reiknaðar upp miðað við vísitölu er tók gildi 1. janúar 2006 og færðar í ársreikninginn. Áfallnir vextir eru reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

Skammtímakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal skammtímakrafna. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu 63 þús. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta þar sem við á.

Aðrar rekstrartekjur

	2005	2004
10. Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:		
Sala umbúða og fleira.....	41.471	37.075
Húsaleiga.....	1.144	744
	<u>42.615</u>	<u>37.819</u>

Vörunotkun

11. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Tollstjóra. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds á árinu 2005 3.772 m.kr. en voru á árinu 2004 3.585 m.kr.

12. Sundurliðun vörunotkunar

Vörunotkun, áfengi.....	9.508.814	8.732.922
Vörunotkun, tóbak.....	5.088.433	4.733.873
	<u>14.597.247</u>	<u>13.466.795</u>

Starfsmannamál

	2005	2004
13. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Dagvinnulaun.....	457.080	428.197
Yfirvinna.....	264.857	237.856
Áfallið reiknað orlof, breyting.....	(5.482)	7.173
Launatengd gjöld.....	131.424	119.905
Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs.....	22.459	19.370
	<u>870.338</u>	<u>812.501</u>

14. Launagjöld hækka um 7,1% milli ára. Ársverkum hefur fækkað um 1,0%. Til samanburðar hækkaði launavísitala um tæplega 6,6% á milli árána 2004 og 2005. Vínbúðum ÁTVR fjölgaði um tvær á árinu.

15. Laun stjórnar námu um 2,7 m.kr. og laun forstjóra voru um 14,3 m.kr. Á árinu 2005 voru forstjóraskipti hjá ÁTVR, nýr forstjóri tók við í september 2005.

16. Reiknuð ársverk á árinu 2005 voru 280,6 en ársverk reiknuð með sama hætti árið 2004 voru 283.

17. Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 57,1 m.kr. í árslok 2005 og til samanburðar var það 63,2 m.kr. árið áður.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2005	2004
18. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		
Vaxtatekjur.....	84.125	71.581
Arðstekjur.....	1.254	761
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(577)	(425)
	<u>84.802</u>	<u>71.917</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

19. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttingar og annar bún.	Samtals
Stofnverð 1.1.2005	89.398	1.215.962	754.571	2.059.931
Viðbót á árinu	0	0	41.172	41.172
Selt og niðurlagt á árinu	0	(83.874)	(143.350)	(227.224)
Stofnverð 31.12.2005	<u>89.398</u>	<u>1.132.088</u>	<u>652.393</u>	<u>1.873.879</u>
 Afskrifað 1.1.2005	 43.484	 510.902	 531.797	 1.086.183
Afskrifað á árinu	10.168	25.755	45.531	81.454
Selt og niðurlagt á árinu	0	(25.964)	(129.015)	(154.979)
Afskrifað 31.12.2005	<u>53.652</u>	<u>510.693</u>	<u>448.313</u>	<u>1.012.658</u>
 Bókfært verð 31.12.2005	 <u>35.746</u>	 <u>621.395</u>	 <u>204.080</u>	 <u>861.221</u>
 Afskriftarhlutföll	 12-15%	 2-4%	 12-20%	

20. Fasteignamat váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	<u>1.196.131</u>	<u>1.428.575</u>	<u>621.395</u>

Eignarhlutar í félögum

21. ÁTVR á hlut í tveimur félögum í árslok. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði. Hlutabréf í Fasteignafélaginu Stoðum hf. eru í árslok bókfærð á upprunalegu kaupverði. Arður fékkst greiddur frá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 1.125 þús. kr. og frá Fasteignafélaginu Stoðum hf. 129 þús. kr.

22. Eignarhlutar í félögum:

	2005 Nafnverð	2005 Bókfært verð	2004 Bókfært verð
Endurvinnslan hf.	7.500	7.500	7.500
Fasteignafélagið Stoðir hf.	<u>957</u>	<u>3.115</u>	<u>3.115</u>
	<u>8.457</u>	<u>10.615</u>	<u>10.615</u>

Birgðir

23. Birgðir um áramót skiptast í áfengi og umbúðir, tóbak og rekstrarvörur:

	2005	2004
Áfengi og umbúðir	741.092	726.796
Tóbak.....	210.286	202.232
Rekstrarvörur.....	<u>693</u>	<u>1.816</u>
	<u>952.071</u>	<u>930.844</u>

Eigið fé

24. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2005	2.294.231
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	540.551
Arður til ríkissjóðs	(670.000)
Eigið fé. 31.12.2005	<u>2.164.782</u>

Skuldbindingar

25. Skuldbindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafn-
óðum. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sjóðsins eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar í lok ársins 2005 33,4 m.kr. og voru á árinu greiddar af þeim 22,6 m.kr. Í árslok eru því ógreiddar 10,8 m.kr.

Í gildi eru 35 húsaleigusamningar og 26 samstarfssamningar um rekstur vínbúða.

Kennitölur

26. Afkomu- og fjárhagsyfirlit síðustu fimm ára. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í millj. króna. Frá og með árinu 2002 var breytt um innheimtuaðferð á tóbaksgjaldi hjá ríkissjóði og eftir það var tóbaksgjaldið skilgreint sem hluti af kostnaðarverði vara.

	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstur:					
Rekstrartekjur	16.641	15.402	14.974	14.380	13.326
Rekstrargjöld	(16.089)	(14.872)	(14.490)	(13.846)	(10.389)
R.hagn f. afskr.	552	529	484	534	2.937
Afskriftir	(96)	(85)	(82)	(63)	(59)
Rekstrarhagnaður	<u>456</u>	<u>444</u>	<u>402</u>	<u>471</u>	<u>2.878</u>
Hreinar fjárm.tekjur	85	72	25	42	(56)
Hagnaður ársins	<u>541</u>	<u>516</u>	<u>427</u>	<u>513</u>	<u>2.822</u>
Efnahagur:					
Fastafjármunir	876	984	1.013	1.015	996
Veltufjármunir	<u>2.290</u>	<u>2.276</u>	<u>2.398</u>	<u>2.223</u>	<u>2.069</u>
Eignir alls	<u>3.166</u>	<u>3.260</u>	<u>3.411</u>	<u>3.238</u>	<u>3.065</u>
 Eigið fé	 2.165	 2.294	 2.427	 2.133	 1.899
Skammtímaskuldir	<u>1.001</u>	<u>966</u>	<u>984</u>	<u>1.105</u>	<u>1.166</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>3.166</u>	<u>3.260</u>	<u>3.411</u>	<u>3.238</u>	<u>3.065</u>

27. Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

	2005	2004	2003	2002	2001
Rek.hagn.f.afskr./EBITA	3,3%	3,4%	3,2%	3,7%	22,0%
Veltufjárhlutfall	2,29	2,36	2,44	2,01	1,77
Eiginfjárhlutfall	0,68	0,70	0,71	0,66	0,62
 Arðsemi eigin fjár	 23,6%	 21,3%	 20,0%	 27,0%	

Fjárhæðir í þúsundum króna





Sundurliðanir

Hluti ríkissjóðs af brúttósölu ÁTVR:

	2005	2004	2003
Magngjald tobaks	3.772.235	3.584.952	3.630.468
Arður til ríkissjóðs	670.000	649.000	133.000
Áfengisgjald*	5.756.436	5.263.021	5.071.708
Virðisaukaskattur	4.103.576	4.166.664	4.030.988
	<u>14.302.247</u>	<u>13.663.637</u>	<u>12.866.164</u>

* Áfengisgjald sem hér er tilgreint er reiknað út eftir seldu magni

Sala áfengis 2002-2005 í þúsundum lítra:

	Heildarsala áfengis 2005		% af heild		Heildarsala áfengis 2004		% af heild		Heildarsala áfengis 2003		% af heild		Heildarsala áfengis 2002		% af heild	
Heildarsala áfengis	17.245				15.944				14.770				14.191			
Létt og styrkt vín <=22% alk.	3.242	18,80%			2.945	18,47%			2.695	18,25%			2.455	17,30%		
Sterkt áfengi >22% alk.	663	3,84%			654	4,10%			678	4,59%			767	5,40%		
Bjór	13.340	77,36%			12.345	77,43%			11.397	77,16%			10.969	77,30%		
Bjór, létt og styrkt vín samtals	16.582	96,16%			15.290	95,90%			14.092	95,41%			13.424	94,60%		
Sterkt áfengi samtals	663	3,84%			654	4,10%			678	4,59%			767	5,40%		

Sala áfengis 2000-2005 í þúsundum lítra og breyting milli ára:

	Heildarsala áfengis	Breyting í %	Létt vín og styrkt <=22% alk.	Breyting í %	Sterkt áfengi >22% alk.	Breyting í %	Bjór	Breyting í %
2000	12.384		1.903		800		9.681	
2001	13.291	7,32%	2.173	14,19%	801	0,12%	10.317	6,57%
2002	14.191	6,77%	2.455	12,98%	767	-4,24%	10.969	6,32%
2003	14.770	4,08%	2.695	9,78%	678	-11,60%	11.397	3,90%
2004	15.944	7,95%	2.945	9,28%	654	-3,54%	12.345	8,32%
2005	17.245	8,16%	3.242	10,08%	663	1,38%	13.340	8,06%

Skipting á skattskyldum alkóhólítrum eftir skattflokkum 2005.

	Skattlagðir alkóhólítrar	Lítrar	Áfengisgjald	Áfengisgjald á alkóhólítra
Létt vín <15%	277.484	2.777.504	1.464.225	52,80
Bjór	371.626	13.346.569	2.181.844	58,70
Sterkt vín >15% og blandaðir drykkir úr sterku áfengi	299.771	1.116.757	2.110.367	70,78
Samtals	<u>948.881</u>	<u>17.240.830</u>	<u>5.756.436</u>	

Tafla þessi á að auðvelda mat á áhrifum breytinga á áfengisgjaldi á tekjur ríkissjóðs.

Hafa ber í huga að ofanskráðar tölur ná ekki til sölu heildsala til annara aðila en ÁTVR.

Fjárhæðir í þúsundum króna



Sala áfengis með virðiskaukaskatti:

	2005	2004	2003
Vínbúðin Akranesi.....	200.527	180.738	179.568
Vínbúðin Akureyri	804.978	766.055	734.647
Vínbúðin Austurstræti	465.239	444.431	458.278
Vínbúðin Blönduósi	61.418	65.050	67.114
Vínbúðin Borgarnesi	218.558	194.447	191.193
Vínbúðin Búðardal	19.841	20.500	20.614
Vínbúðin Dalvegi	1.011.744	934.343	901.727
Vínbúðin Dalvík.....	74.830	72.763	70.300
Vínbúðin Djúpavogi.....	11.833	10.102	11.441
Vínbúðin Egilsstöðum.....	241.696	232.395	182.710
Vínbúðin Eiðistorgi	651.960	613.762	607.620
Vínbúðin Fáskrúðsfirði	21.245	25.216	25.723
Vínbúðin Garðabæ.....	295.241	264.742	256.049
Vínbúðin Grindavík	55.448	51.629	49.603
Vínbúðin Grundarfirði.....	25.822	25.695	24.131
Vínbúðin Hafnarfirði.....	632.307	607.578	603.448
Vínbúðin Heiðrún.....	2.006.985	1.718.156	1.569.305
Vínbúðin Holtagörðum.....	980.661	941.898	970.124
Vínbúðin Hólmavík.....	18.288	11.946	
Vínbúðin Húsavík.....	99.357	102.881	96.468
Vínbúðin Hvammstanga	25.574	25.919	25.950
Vínbúðin Hveragerði	106.596		
Vínbúðin Hvolsvelli	92.939	88.788	90.439
Vínbúðin Höfn.....	84.974	84.005	81.039
Vínbúðin Ísafirði.....	193.950	190.821	190.682
Vínbúðin Keflavík.....	426.507	389.836	386.345
Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri	18.620	8.506	
Vínbúðin Kringlunni.....	1.220.794	1.164.531	1.114.090
Vínbúðin Mjódd.....	515.971	491.838	500.078
Vínbúðin Mosfellsbæ.....	309.288	284.028	265.612
Vínbúðin Neskaupstað	61.675	64.413	58.865
Vínbúðin Ólafsvík	47.336	45.957	46.918
Vínbúðin Patreksfirði	45.365	45.319	46.026
Vínbúðin Reyðarfirði	58.993		
Vínbúðin Sauðárkróki	153.667	151.031	150.574
Vínbúðin Selfossi	479.870	482.615	463.843
Vínbúðin Seyðisfirði	23.554	24.107	25.163
Vínbúðin Siglufirði.....	55.123	54.745	54.769
Vínbúðin Smáralind	618.456	565.875	497.824
Vínbúðin Spönginni	395.804	355.488	346.266
Vínbúðin Stykkishólmi.....	44.713	41.665	38.635
Vínbúðin Vestmannaeyjum.....	165.980	158.670	164.379
Vínbúðin Vík.....	20.249	20.278	11.919
Vínbúðin Vopnafirði.....	20.263	20.358	20.677
Vínbúðin Þorlákshöfn	33.993	29.360	17.722
Vínbúðin Þórshöfn	21.630	21.495	21.340
Samtals	13.139.859	12.093.976	11.639.221
Sala án vsk.	10.554.437	9.714.572	9.349.189

Sala tóbaks með virðisaukaskatti:

	2005	2004	2003
Vínbúðin Akranesi.....	165.332	147.356	146.746
Vínbúðin Akureyri	440.513	413.252	412.236
Vínbúðin Austurstræti	103.934	125.048	135.920
Vínbúðin Blönduósi	51.238	48.495	48.080
Vínbúðin Borgarnesi	113.205	108.512	107.699
Vínbúðin Dalvík.....	41.226	45.082	42.177
Vínbúðin Egilsstöðum.....	157.118	135.044	108.962
Vínbúðin Eiðistorgi	177.984	183.891	199.243
Vínbúðin Hafnarfirði.....	295.485	277.415	281.913
Vínbúðin Heiðrún.....	4.445.273	4.056.540	3.923.752
Vínbúðin Húsavík.....	85.699	92.024	91.421
Vínbúðin Höfn.....	62.147	60.278	67.071
Vínbúðin Ísafirði.....	127.528	125.624	131.260
Vínbúðin Keflavík.....	410.990	413.144	419.586
Vínbúðin Neskaupstað	73.623	45.119	46.500
Vínbúðin Ólafsvík	53.600	55.658	67.650
Vínbúðin Patreksfirði	36.751	43.334	45.129
Vínbúðin Sauðárkróki	100.644	101.357	99.441
Vínbúðin Selfossi	385.075	354.944	369.059
Vínbúðin Seyðisfirði		14.834	19.824
Vínbúðin Siglufirði.....	39.927	38.589	41.842
Vínbúðin Stykkishólmi.....	25.632	24.590	23.719
Vínbúðin Vestmannaeyjum.....	130.839	122.620	128.917
Samtals	<u>7.523.763</u>	<u>7.032.751</u>	<u>6.958.146</u>
Sala án vsk.	<u>6.043.937</u>	<u>5.649.558</u>	<u>5.589.136</u>

Selt magn tóbaks:

	2005	2004	2003
Vindlingar (karton)	1.546.140	1.557.309	1.585.459
Vindlar (stk.).....	11.256.864	12.026.112	12.105.533
Reyktóbak (kg)	7.424	7.930	8.666
Nef- og munntóbak (kg)	13.862	12.691	11.660



Sala áfengis í lítrum talið:

	2005	2004	2003
Rauðvín	1.774.165	1.627.881	1.468.450
Hvítvín	712.494	601.967	511.454
Rósavín	116.409	107.348	112.345
Freyðivín.....	115.369	106.553	101.212
Styrkt vín.....	60.596	64.556	67.427
Ávaxtavín.....	68.967	60.711	59.843
Brandí	62.174	60.969	61.865
Ávaxtabrandí.....	236	613	1.114
Viskí	89.744	91.913	90.995
Romm	63.026	63.411	68.699
Tequila og Mezcal	2.276	2.697	2.682
Ókryddað brennivín og vodka.....	283.300	285.634	299.286
Gin & sénever	65.345	64.247	64.883
Snafs	33.873	33.038	35.781
Líkjör	95.912	99.170	102.697
Bitterar, kryddvín, aperítifar	62.286	64.686	66.954
Blandaðir drykkir	298.858	263.465	257.402
Lagerbjör.....	13.188.695	12.267.048	11.294.418
Öl	135.863	62.809	86.293
Aðrar bjórttegundir	15.328	14.940	15.800
Niðurlagðir ávextir	-	-	26
Samtals	<u>17.244.916</u>	<u>15.943.656</u>	<u>14.769.626</u>


Tíu söluhæstu tegundir eftir helstu vöruflokkum.

Hvítvín	MI	Lítrar	Rauðvín	MI	Lítrar
Rosemount GTR (FL.)	750	30.065	Drostdy-Hof Cape Red (BOX).....	3.000	85.452
JCP Herault Blanc (BOX).....	3.000	26.142	Pasqua Cabernet Merlot Venezia		
Drostdy-Hof Steen (BOX).....	3.000	25.377	(BOX)	3.000	59.538
Carlo Rossi California White (FL.) ..	1.500	24.561	Solaz (BOX).....	3.000	51.657
Guntrum Riesling (BOX).....	3.000	21.696	Concha y Toro Frontera Cabernet		
Ars Vitis Riesling (FL.).....	750	21.220	Sauvignon (BOX)	3.000	36.924
Barramundi Semillon Chardonnay			Le Cep Chilean Cabernet		
(BOX).....	3.000	18.780	Sauvignon (BOX)	3.000	36.462
Guntrum Riesling Royal Blue (FL.) .	750	16.853	Gato Negro Cabernet Sauvignon		
Jacob's Creek Chardonnay (FL.)	750	16.500	(BOX).....	3.000	29.820
Concha y Toro Frontera			Le Cep Merlot (BOX)	3.000	27.177
Chardonnay (BOX)	3.000	15.936	Carlo Rossi California Red (FL.).....	1.500	26.201
			Boomerang Bay Cabernet Shiraz		
			(FL.).....	750	26.144
			Tabiso Shiraz (BOX)	3.000	24.648
Samtals 10 söluhæstu		217.130	Samtals 10 söluhæstu		404.023
Heildarsala hvítvins		712.494	Heildarsala rauðvins		1.774.165
Hlutfall		30%	Hlutfall		23%


Blandaðir drykkir	MI	Lítrar	Rósavín	MI	Lítrar
Bacardi Breezer Pineapple	275	58.090	Carlo Rossi California Rose (FL.).....	1.500	45.119
Smirnoff Ice	275	43.922	Riunite Blush Bianco (FL.)	1.500	20.915
Bacardi Breezer Lemon	275	37.506	Carlo Rossi California Rose (FL.).....	750	11.176
Bacardi Breezer Orange	275	32.129	Riunite Blush Bianco (FL.)	750	11.173
Bacardi Breezer Lime	275	20.716	Jean-Claude Pepin Rosé (BOX).....	3.000	6.537
Bacardi Breezer Watermelon.....	275	14.563	Mateus (FL.)	750	4.631
WKD Vodka Ice.....	275	8.353	Rene Barbier Rosado (BOX)	3.000	3.468
Caribbean Twist Pina Colada.....	275	9.353	Ernest & Julio Gallo Sierra Valley		
Woody's Mexican Lime	330	6.222	White Grenache (BOX)	3.000	3.159
Fisherman Vodka Shot (FL.)	700	4.605	Mateus (FL.)	1.500	2.882
			Delicato White Zinfandel (FL.).....	750	2.552
Samtals 10 söluhæstu		235.459	Samtals 10 söluhæstu		111.612
Heildarsala blandaðra drykkja		298.858	Heildarsala rósavíns		116.409
Hlutfall		79%	Hlutfall		96%

Bjór	MI	Lítrar	Sterkt vín	MI	Lítrar
Víking (DS.)	500	1.801.387	Smirnoff (FL.)	1.000	38.972
Víking Lite (DS.).....	500	1.002.849	Smirnoff (FL.)	500	30.726
Thule (DS.).....	500	854.958	Finlandia (FL.)	500	25.556
Egils Gull (DS.)	500	675.784	Finlandia (FL.)	1.000	24.528
Tuborg (DS.).....	500	646.695	Smirnoff (FL.)	700	23.858
Faxe Premium (DS.)	500	640.262	Borzoï (FL.).....	500	20.868
Carlsberg (DS.).....	500	546.758	Tindavodka (FL.)	1.000	17.377
Egils Pilsner (DS.).....	500	416.381	Koskenkorva (FL.).....	350	15.987
Faxe Premium (DS.)	330	394.384	Eldurís (FL.).....	1.000	13.718
Heineken (DS.)	500	393.251	Koskenkorva (FL.).....	500	13.349
Samtals 10 söluhæstu		7.372.709	Samtals 10 söluhæstu		224.939
Heildarsala bjórs		13.339.886	Heildarsala sterkra vína		663.254
Hlutfall		55%	Hlutfall		34%


Áfengissala Sala 2005 17.245 þús. ltr.




Áfengissala mæld í hreinum vínanda Sala 2005 1.313 þús. alk.ltr.



Skipting áfengissölu Heildarvelta 13,1 ma.kr.




Skipting bjórsölu Sala 2005 13.340 þús ltr.






Verðlagning áfengis


Vodki 37,5% 700ml




Rauðvín 12,5% 750ml



Koníak 40% 700ml



Bjór 5% 500ml



*Skattar eru áfengisgjald, virðisaukaskattur og skilagjald.

**Innkaupsverð án áfengis og skilagjalda.

Áfengisverð í árslok 1995 - 2005:

Umreiknað eftir lánskjaravísitölu til verðlags ársloka 2005

Árslok	Hvítvín Ellerer Engelst	Rauðvín St.Émilion	Sérri Dry Sack	Brennivín Brennivín	Vodka Stolichnaja	Viskí Chivas Regal	Bjór Egils Gull dós
1995	1.095	1.935	2.034	3.059	3.215	4.581	228
1996	1.000	1.708	1.889	3.111	3.236	4.458	225
1997	928	1.638	1.815	3.262	3.221	4.681	225
1998	1.148	1.742	2.039	3.321	3.173	4.712	223
1999	1.091	1.732	1950.	3.156	3.066	4.477	227
2000	1.080	1.657	1.915	3.019	3.056	4.345	223
2001	1.078	1.589	1.918	2.940	2.940	4.302	224
2002	1.053	1.552	1.596	3.315	3.093	4.313	221
2003	963	1.514	1.611	3.255	3.082	4.315	214
2004	928	1.460	1.658	3.315	3.117	4.368	204
2005	970	1.400	1.590	3.180	2.990	4.190	196

Áfengisverð umreiknað samkvæmt lánskjaravísitölu:


Verð hvernar tegundar sett 100 í árslok 1995

Árslok	Hvítvín Ellerer Engelst	Rauðvín St.Émilion	Sérri Dry Sack	Brennivín Brennivín	Vodka Stolichnaja	Viskí Chivas Regal	Bjór Egils Gull dós.
1995	100	100	100	100	100	100	100
1996	91	88	93	102	101	97	99
1997	85	85	89	107	100	102	99
1998	105	90	100	109	99	103	98
1999	100	90	96	103	95	98	100
2000	99	86	94	99	95	95	98
2001	98	82	94	96	91	94	98
2002	96	80	78	108	96	94	97
2003	88	78	79	106	96	94	94
2004	85	75	81	108	97	95	90
2005	89	72	78	104	93	91	86




Heildarsala rauðvíns í lítrum

Skipting eftir löndum




Heildarsala hvítvíns í lítrum

Skipting eftir löndum




Skipting tóbakssölu


Heildarvelta 7,5 ma.kr.




Sala vindla á mann, 15 ára og eldri



Sala vindlinga á mann, 15 ára og eldri



Sala reyktóbaks á mann, 15 ára og eldri





Umhverfisskýrsla ÁTVR

Tilgangur með umhverfisskýrslu er að gera grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem starfsemi ÁTVR veldur. Þetta er í annað skiptið sem unnin er umhverfisskýrsla en árið 2003 var gefin út Umhverfisskýrsla ÁTVR. Nú er fyrirkomulagið með öðru sniði þar sem umhverfisskýrsla er hluti af ársskýrslu ÁTVR. Margt hefur verið unnið á þessum tveimur árum frá því skýrslan kom fyrst út. Allt frá árinu 2002 hefur ÁTVR sett sér markmið sem snúa að sorpflokkun og endurvinnslu. Leitast hefur verið við að kaupa vistvænar þrifa- og hreinlætisvörur, stuðla að ræktun lands með styrkjum og auka umhverfisvitund starfsfólks með fræðslu og bættu aðgengi að endurvinnslugámum.

Umhverfisstefna ÁTVR

ÁTVR fellir starfsemi sína að sjónarmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar þannig að hún valdi sem minnsti mengun og álagi á auðlindir og umhverfi. Hafa ber sjónarmið umhverfisverndar í huga við alla þætti rekstrar og ákvarðanatöku.

ÁTVR hefur sett sér eftirfarandi markmið í umhverfismálum:

- að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum,
- að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála, t.d. með fræðslu,
- að leggja áherslu á heilsusamlegt, snyrtilegt, og öruggt vinnuumhverfi, svo starfsfólki líði vel við vinnu,
- að endurnota og endurvinna það sem fellur til í rekstri eins og hægt er en farga öðru á viðeigandi hátt og lágmarka umhverfisspjöll,
- að nýta orku og aðföng sem best og kaupa frekar vöru og þjónustu aðila sem eru umhverfisvottaðir eða fylgja umhverfisstefnu,
- að auka samfélagslega vitund um umhverfismál, t.d. varðandi endurnýtingu umbúða og með því að vera sýnilegir þátttakendur í umhverfisvernd.

Árangur frá 2003

Umhverfisnefnd var sett á laggirnar í byrjun árs 2004. Nefndina skipa Ágúst Hafberg formaður, Einar Snorri Einarsson, Inga Dís Karlsdóttir, Jóhann Steinsson og Sigrún Ósk Sigurðardóttir. Umhverfisstefna ÁTVR hefur verið samþykkt.

Söfnunarkassar fyrir gæðapappír voru settir á hverja starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu og einnig á Akureyri. Dagblöð og tímarit eru flokkuð á Stuðlahálsi. Safngámur fyrir dagblöð, tímarit og fernur var settur á lóð ÁTVR á Stuðlahálsi, sem nýtist starfsfólki og heimilum þeirra.

Á árinu 2004 var farið að endurvinna plast sem er flokkað og skilað frá vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu og dreifingarmiðstöð.

Skrifstofubúnaður er nú gefinn í Góða hirðinn til endurnotkunar.

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum hefur að mestu verið horft til starfssemi á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er rekstur í flestum tilfellum í höndum samstarfsaðila sem gerir það að verkum að erfitt er að meta þann hluta. Matið ætti engu að síður að gefa raunhæfa mynd af umhverfisáhrifum rekstursins, þar sem umsvifin eru að langstærstum hluta á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu umhverfisþættir ÁTVR

Stærstu umhverfisþættir í starfsemi ÁTVR eru vörudreifing og umbúðasorp. ÁTVR seldi á árinu 17,2 m.ltr. af áfengi. Um 197 tonn af úrgangi voru send til sorphirðingarstöðva árið 2005. Um 82%, eða 160 tonn, er flokkað sorp sem er endurunnið. Til samanburðar var þetta hlutfall 77% árið 2003. Við greiningu á umhverfisáhrifum hefur í stórum dráttum verið horft til þriggja þátta:

- Orkunotkunar, sem nær yfir notkun á rafmagni, heitu vatni, eldsneyti og vörudreifingu.
- Innkaupa, sem ná m.a. til skrifstofupappírs, bréf- og plastpoka.
- Úrgangs, þar sem bylgjupappi og plast eru fyrirferðamestu liðirnir.

ORKUNOTKUN

Umfangsmikil starfssemi fyrirtækisins kallar á mikla orkunotkun, aðallega vegna vörudreifingar.

Viðfangsefni	Umhverfisáhrif	Mælikvarðar
Heitt vatn	Uppbygging orkuvera og flutningsleiða	84.704 m³
Rafmagn	Uppbygging raforkuvera og rafmagnslína	1.229.831 kWst.
Bensín fyrir bifreiðar ÁTVR	CO ₂ mengun, óendurnýjanleg orka	5.527 ltr.
Gasolía fyrir bifreiðar ÁTVR	CO ₂ mengun, óendurnýjanleg orka	28.857 ltr.
Aðkeyptur dreifingarkostnaður	CO ₂ mengun, óendurnýjanleg orka	42,0 m.kr.

Heitt vatn og rafmagn

Við úttekt á notkun á heitu vatni og rafmagni var tekið mið af starfssemi ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. skrifstofu og dreifingarmiðstöð og öllum vínbúðum á landinu sem eru í eigu ÁTVR. Það eru vínbúðirnar á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki, Selfossi, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Keflavík.

Á Stuðlahálsi er öflugt snjóbræðslukerfi fyrir bílastæði viðskiptavina og dreifingarmiðstöðvar sem áætlað er um 25 þúsund metrar. Kerfið hefur talsverð áhrif á heitavatnsnotkun fyrirtækisins. Á árinu var sett upp bætt stýrikerfi á snjóbræðslukerfi sem ætlað er að draga úr óþarfa notkun á heitu vatni.

Vörudreifing og akstur

Áfengi er dreift með eigin bifreiðum í vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu en vörudreifing er aðkeypt í aðrar vínbúðir. Árið 2005 var keypt vörudreifing fyrir 42 m.kr. Á árinu 2005 hætti ÁTVR að dreifa vörum á eigin bifreiðum til Grindavíkur og Keflavíkur. Aukning á dreifingarkostnaði er í samræmi við magnaukningu áfengis á undanföllum árum.

Helstu umhverfisáhrif vörudreifingar ÁTVR eru tvennskonar. Í fyrsta lagi losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og í öðru lagi slit á vegum vegna aksturs. Heildarlosun CO₂ vegna bifreiða ÁTVR og flutnings á áfengi og tóbaki sem fer fram hjá þriðja aðila hefur verið metin. Heildarnotkun eldsneytis á flutningabíla ÁTVR er um 21.000 lítrar á ári, sem samsvarar því að um 55 tonn af CO₂ fari út í andrúmsloftið árlega, og aka þeir um 50 þúsund km. á ári.

Umfang aksturs vegna dreifingar utan höfuðborgarsvæðisins er áætlaður u.þ.b. 2,1 milljón tonnkilómetra á ári. Miðað við meðalbestun flutningabíls jafngildir þetta því að einn flutningabíll keyrði u.þ.b. 111 þúsund km. á ári fulllestaður, eða færi 145 ferðir fram og til baka frá Reykjavík til Akureyrar. Miðað við að eyðsla stórs flutningabíls sé að meðaltali 55 lítrar á hundrað km., notast um 61 þúsund lítrar af olíu á ári í þennan akstur og losa þar með um 160 tonn af CO₂ út í andrúmsloftið.

Að þessu tvennu samanlögðu er því áætluð losun CO₂ vegna dreifingar vöru ÁTVR um 215 tonn á ári. Áætluð heildarlosun CO₂ vegna aksturs bíla yfir 4 tonn á Íslandi er u.þ.b. 190 þúsund tonn og því er hlutfall losunar ÁTVR um 0,11%.

Magn eldsneytis á bifreiðar ÁTVR, sem ekki eru notaðar í vöruflutninga, var um 8.000 lítrar árið 2005 og losun CO₂ vegna þess því um 21 tonn.

INNKAUP

Þær rekstrarvörur sem ÁTVR kaupir enda yfirleitt sem úrgangur á einhverju stigi.

Viðfangsefni	Umhverfisáhrif	Mælikvarðar
Skrifstofupappír, dagblöð og tímarit	Jarðvegsmengun	3,6 tonn
Útgefið efni af ÁTVR	Jarðvegsmengun	3,0 tonn
Bréfpokar	Jarðvegsmengun	1,8 milljón stk.
Plastpokar	Jarðvegsmengun, brotnar hægt niður	2,5 milljón stk.
Plast vegna dreifingar	Jarðvegsmengun, brotnar hægt niður	11,0 tonn



Skrifstofupappír, dagblöð og tímarit

Töluverður pappír fer í reksturinn og voru keypt inn um 2,8 tonn af skrifstofupappír. Áætlað er að um 800 kíló af dagblöðum og tímaritum berist skrifstofu ÁTVR á hverju ári. Árið 2004 hófst flokkun á gæðapappír á öllum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið vínbúðum, en dagblöð og tímarit eru einnig flokkuð á Stuðlahálsi.

Útgefið efni

ÁTVR gefur út ýmist kynningarefni. Vínblaðið kom út fjórum sinnum á árinu, auk prentefnis vegna þemadaga, en þeir voru fimm á árinu. Auk þess gefur ÁTVR út ársskýrslu ásamt ýmsum sérprentum eins og kokteilbækling og „Vín með mat“.

Pokar

Viðskiptavinir fá bréfpoka endurgjaldslaust en kaupa plastpoka. Andvirði seldra poka rennur í Pokasjóð verslunarinnar. Pokasjóður styrkir margvísleg verkefni á sviði umhverfis- og mannúðarmála, en ÁTVR hefur haft frumkvæði að því að sjóðurinn styrki tiltekin verkefni tengd umhverfismálum. Á árinu voru seldir 2,8 millj. plastpokar en til samanburðar var fjöldi afgreiðsla í vínbúðum um 3,6 millj.

Plast

Alls voru send 22 tonn af plasti til enduvinnslu. Mismunur á magni sem keypt er og því sem sent er til enduvinnslu er plast sem kemur inn í dreifingarmiðstöð við vörumóttöku.

ÚRGANGUR

Eðli starfseminnar framkallar mikinn úrgang, aðallega pappa og plast.

Viðfangsefni	Umhverfisáhrif	Mælikvarðar
Bylgjupappi	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutninga	135 tonn
Plastumbúðir	Fyrirferðarmikill óvirkur úrgangur sem brotnar seint niður	22 tonn
Blandaður og óflokkaður úrgangur	Jarðvegsmengun, grunnvatnsmengun, loftmengun vegna niðurbrots og metanmyndunar	37 tonn
Dagblöð og tímarit	Jarðvegsmengun	825 kg.
Gæðapappír	Jarðvegsmengun	2,8 tonn

Bylgjupappi og plast

Bylgjupappi og plast er flokkað í vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu og safnað saman í dreifingarmiðstöð. Árið 2004 hófst endurvinnsla á því plasti sem er flokkað, fram að þeim tíma var plast ekki endurunnið þótt það hafi verið flokkað um nokkura ára skeið hjá ÁTVR. Alls er fargað um 22 tonnum af plasti á árinu. Nú fær ÁTVR greitt fyrir það plast og pappa sem sent er til förgunar, sem er mikil breyting frá árinu 2003 þegar greitt var fyrir hvert kíló sem var fargað.

Blandaður og óflokkaður úrgangur

Í þennan flokk fellur allt sorp sem ekki er tilgreint sérstaklega í töflu 3, t.d. sorp frá eldhúsi og öðrum rekstri ÁTVR.

Pappír, tímarit, dagblöð og fernur.

Söfnunarkassar fyrir gæðapappír hafa verið settir á starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Gámapjónustan greiðir ÁTVR 1 kr. fyrir hvert kíló af gæðapappír sem skilað er til endurvinnslu. Safngámur var settur á lóðina á Stuðlahálsi til að auðvelda flokkun dagblaða, tímarita og ferna. Dagblöð og tímarit eru flokkuð í höfuðstöðvum á Stuðlahálsi. Gámurinn er einnig til afnota fyrir starfsfólk ÁTVR.



Timbur og bylgjupappi.

Timbur sem er flokkað og skilað er annars vegar vegna endurnýjunar innréttinga í vínbúðum og hins vegar vegna förgunar á ónýtum vörubrettum.

Förgun á áfengi og tóbaki

Ósöluhæfri vöru er fargað.

Viðfangsefni	Umhverfisáhrif	Mælikvarðar
Tóbak	Loftmengun	1,7 tonn
Áfengi	Vatnsmengun/loftmengun vegna uppgufunar etanóls	4 - 5 þús. ltr.

Tóbak

Útrunnið tóbak, skemmt og útlitsgallað er sent til brennslu. Hér er um lítið magn að ræða miðað við heildarsölu á tóbaki sem var kringum 230 tonn á árinu 2005.

Áfengi

Áætlað er að um 4 – 5 þús. lítrar af áfengi sé útrunnið, gallað eða ósöluhæft. Þessu áfengi er ýmist hellt niður í dreifingarmiðstöð eða fargað hjá Sorpu. Heildarsala áfengis á árinu 2005 var 17,2 milljónir lítra.

Framlög til umhverfismála

Pokasjóður verslunarinnar

ÁTVR er aðili að Pokasjóði verslunarinnar. Framlag ÁTVR til Pokasjóðs var 17,3 m.kr. árið 2005. Pokasjóður úthlutar á ári hverju styrkjum til verkefna sem heyra undir almannaeilla, m.a. til umhverfismála. Pokasjóður lagði fyrir tilstilli ÁTVR fjórar milljónir til viðhalds á stígum við Gullfoss árið 2004. Tvö verkefni voru styrkt á árinu 2005: gerð stiga upp úr Tófugjá í Ásbyrgi og uppbygging á nýrri snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn við Dettifoss.

Skil 21

ÁTVR er aðili að verkefninu Skil 21. Það verkefni byggist á nýtingu úrgangs af lífrænum uppruna til uppgræðslu og ræktunar í Landnámi Ingólfs.

Vörubretti

Mikill fjöldi vörubretta er í umferð hjá ÁTVR, um 10% eru ónýtt, og fara þau með úrgangstimbri til Sorpu sem selur þau til Grundartanga í brennslu. Önnur bretti sem til falla hjá ÁTVR, u.þ.b. 24 þúsund talsins, eru seld. Bretti hafa einnig verið gefin til umhverfisverkefna.

Styrkir og umhverfisauglýsingar

ÁTVR hefur lagt áherslu á góða umgengi úti í náttúrunni með umhverfisauglýsingum undir yfirskriftinni „Hér á ég heima“. Einnig hafa verið veittir smærri styrkir til umhverfis- og ferðamála.

Síðast en ekki síst

ÁTVR mun leita leiða til þess að vinna samkvæmt markmiðum nýrrar umhverfisstefnu og um leið auka verðmæti og endurnýtingu úrgangs.





Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

www.vinbud.is

Hönnun og umbrot: Fíton

Ljósmyndir: Vígfús Birgisson

Ljósmyndir í umhverfisskýrslu: Sigrún Kristjánsdóttir

Litgreining og prentun: Litróf